

Mánudaginn 9. febrúar 1948.

Nr. 6/1948. **Valdstjórnin** (Hrll. Theódór B. Lindal)

gegn

Bjarna Sigurjóni Jónssyni

(Hrll. Ragnar Ólafsson).

Brot á reglugerð um takmörkun á akstri bifreiða.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt 5. tl. 12. gr. laga nr. 70/1947 er það eitt af hlutverkum innflutnings- og gjaldeyrisdeildar að fara með vöruskömmtnun, eftir því sem ákveðið verður. Með þessu ákvæði felur löggjafinn handhafa framkvæmdarvalds að setja reglugerð um það, hvernig skömmtnunin skuli framkvæmd. Ekki verður talið, að stjórnvaldið fari út fyrir lagamörk eða beiti valdi sínu á ómálefnislegan hátt, þótt það setji bílstjórum þeim, sem benzín fá til mannflutninga fyrir borgun, þau skilyrði, að þeir neyti hins skammtaða benzíns til aksturs á þeim tíma sólarhrings, er ætla má, að akstur þeirra komi að sem mestum notum frá þjóðfélagslegu sjónarmiði, en þetta skilyrði felst einmitt í 6. gr. reglugerðar nr. 131/1947, þótt eigi sé þar skýrlega að orði komizt. Það er því ekki efni til að telja, að nefnt reglugerðarákvæði sé án stoðar í lögum að þessu leyti, og verður samkvæmt þessu að dæma kærða refsingu fyrir brot gegn reglugerðinni, og þykir hún samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1947 og 15. gr. reglugerðar nr. 131/1947 hæfilega ákveðin kr. 600.00 sekt til rikissjóðs, er afplánist 10 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

Dómsorð:

Kærði Bjarni Sigurjón Jónsson sæti 600 króna sekt til rikissjóðs, er afplánist 10 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað af sökinni bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttar-lögmennanna Theódórs B. Línals og Ragnars Ólafs-sonar, kr. 400.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 8. janúar 1948.

Ár 1948, fimmtudaginn 8. janúar, var í lögreglurétti Reykja-víkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Halldóri Þorbjörns-syni fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 83/1948: Valdstjórnin gegn Bjarna Sigurjóni Jónssyni, sem dómtekið var 7. s. m.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn kærða fyrir brot gegn reglugerð nr. 131, 23. september 1947 um sölu og afhendingu benzíns og takmörkun á akstri bifreiða.

Kærður er Bjarni Sigurjón Jónsson bifreiðarstjóri, Grettisgötu 36 hér í bæ. Hann er fæddur 28. marz 1913 að Melum á Kjalarnesi. Hann hefur áður sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

1935 $\frac{3}{4}$ Dómur lögregluréttar Hafnarfjarðar, 500 kr. sekt fyrir brot gegn 6. gr. sbr. 30. gr. laga nr. 64/1930.

1947 $\frac{1}{2}$ Reykjavík. Sátt, 60 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.

Málavextir eru sem hér segir:

Með 6. gr. reglugerðar nr. 131/1947, sem sett er af viðskipta-málaráðuneytinu með heimild í lögum nr. 70 5. júní 1947, nr. 37 12. júní 1939 og nr. 59 7. maí 1940, er bann lagt við ónauðsyn-legum akstri leigubifreiða til mannflutninga milli kl. 23 og 7, nema fyrir tiltekna tölu bifreiða og þá með sérstöku leyfi. Með kærnum, dags. 29. nóvember og 1., 2., og 3. desember f. á., hefur lögreglan í Reykjavík kært kærða í máli þessu, sem er bifreiðar-stjóri að atvinnu, fyrir að hafa brotið reglur þessar. Kærði hefur greiðlega játað, að hann hafi alloft síðan framangreindar reglur voru settar, ekið bifreið sinni fyrir gjald að næturlagi, án tilskilis leyfis. Kveðst hann einkum hafa gert það um helgar, og hafa þá venjulega ekið 2—3 tíma fram yfir kl. 23 í hvert skipti. Kveður hann ástæðuna vera þá, að hann hafi eigi nægar tekjur af akstri þeim, er benzínskammtur hans leyfi, nema hann noti skammtinn nokkuð til næturalaksturs.

Af hálfu kærða er því haldið fram í máli þessu, að framan-greint reglugerðarákvæði hafi eigi nægilega stoð í lögum til að geta talizt gild réttarregla. Er þá að athuga varnarástæðu þessa. Telja verður í fyrsta lagi, að lög nr. 37/1939, sbr. lög nr. 59/1940, hafi engin ákvæði að geyma, er talin verði slík stoð, þar sem ríkis-

stjórninni er í þeim lögum einungis heimilað að setja fyrirmæli um sölu og úthlutun á nauðsynjavörum, en fyrirmæli 6. gr. reglugerðar nr. 131/1947 verða með engu móti talin varða slíkar ráðstafanir.

Af sömu ástæðu geta nefnd fyrirmæli eigi talizt hafa stoð í 5. tl. 12. gr. laga nr. 70/1947, en til skýringar því ákvæði virðist reglugerð nr. 131/1937 vera sett að öðru leyti. Ekki virðast heldur vera nein önnur ákvæði í siðastnefndum lögum, sem veitt geti 6. gr. reglugerðarinnar nægan grundvöll, og eru þá einkum höfð í huga hinar almennu reglur um hlutverk fjárhagsráðs í 2. gr. laganna. Rétturinn lítur svo á, að fyrirmæli, sem hafa slíkar takmarkanir á atvinnufrelsi í för með sér og margnefnt reglugerðarákvæði, verði að hafa skýra og ótvíræða stoð í lögum, til þess að verða gild metin. Þykir samkvæmt framansögðu refsing eigi verða dæmd fyrir háttsemi, sem fer í bága við ákvæði í 6. gr. reglugerðar nr. 131/1947, og ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna kærða af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að ákveða, að allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns kærða, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, er þykja hæfilega ákveðin 350 krónur.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

D ó m s o r ð :

Kærði Bjarni Sigurjón Jónsson skal vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns kærða, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, 350 krónur.

Fimmtudaginn 12. febrúar 1948.

Nr. 93/1947. Réttvísinn og valdstjórnin

(Hrl. Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Elí Bæring Einarssyni

(Hrl. Theódór B. Lindal).

Þjófnaður. Áfengislagabrot.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.